

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
101 Reykjavík

Reykjavík, 26.5.2020
Tilvísun: 20200500518

Kt. 420169- 3889

Umsögn ríkisskattstjóra um breytingu á barnalögum, nr. 76/2003 (skipt búseta barns) – 707. mál, þskj. 1215

Ríkisskattstjóri hefur þann 6. maí sl. móttengið tölvupóst þar sem óskað er eftir umsögn um framangreint þingmál. Embættið telur tilefni til eftirfarandi athugasemda:

Í kafla 6.2 í greinargerð er fjallað um áhrif á sveitarfélög, stofnanir o.fl. Þar kemur réttilega fram að stofnanir, þ.m.t. Skatturinn, gætu þurft að gera breytingar á tölvukerfum sínum svo unnt verði að taka við nýjum/breyttum upplýsingum frá Þjóðskrá. Ekki er að öðru leyti fjallað um mat á kostnaði Skattsins þó að tekin sé afstaða til áhrifa á sýslumenn og sveitarfélög.

Nú fer ríkisskattstjóri með ákvörðun og greiðslu barna- og vaxtabóta á grundvelli laga nr. 90/2003, um tekjuskatt, sbr. ákvæði 7. tölul. 30. gr. frumvarpsins er varða þónokkrar breytingar á forsendum þessa. Þá gerir frumvarpið jafnframt ráð fyrir breytingum á fyrirkomulagi framtalsskyldu vegna tekna og eigna barna innan 16 ára aldurs.

M.t.t. fyrirhugaðra breytinga á tekjuskattslögum, sbr. framangreint, bendir ríkisskattstjóri á að af frumvarpinu leiða umtalsvert meiri breytingar á kerfum Skattsins en aðeins að því er varðar móttöku upplýsinga frá Þjóðskrá. Þessar breytingar lúta m.a. að útfærslu reiknivéla á vef og útreikningsforritum til innri vinnslu, fyrirframgreiðslu barnabóta og útreikningi við álagningu einstaklinga, framsetningu á álagningarseðli og meðhöndlun upplýsinga í skattbreytingum. Áætlað er að kostnaður við forritunavinnu vegna þessa sé um 10 milljónir kr, en ekki er ljóst hve hversu stór hluti fellur þegar til á árinu 2020.

Ríkisskattstjóri leggur áherslu á að koma þarf til móts við þann aukna kostnað sem af efni frumvarpsins leiðir í ár sem og á fjárlögum vegna ársins 2021.

Að öðru leyti gerir ríkisskattstjóri ekki athugasemdir við ákvæði frumvarpsins, þar sem ábendingar voru settar fram við samningu þess.

Virðingarfyllst,
f. h. ríkisskattstjóra


Ingvar J. Rögnvaldsson


Helga Valborg Steinarsdóttir